

MINNISBLAÐ

DAGS.

6.5.2019

SENDANDI

Ásgeir Jónsson

MÁLEFNI

Árhraun 3 – punktar eftir fund

DREIFING

Kristófer, Skafti, Rúnar, Sigurður, Ásgeir

Fyrirsögn

Farið yfir möguleika varðandi uppbyggingu að Árhrauni 3.

Fram kom að fyrir liggur beiðni um að fá að byggja upp að Árhrauni 3. Lóðin er ein nokkurra lóða sem stofnaðar hafa verið úr landi Árhrauns, sem liggur við Hvítá. Eigendur lóðar, segjast hafa fengið jákvæð viðbrögð við að heimila uppbyggingu lóðanna. Mál kom inn til sv.félags seinni hluta árs 2018 og var óskað frekari gagna auk þess sem skipulagsfulltrúa var falið að upplýsa þau um hvaða heimildir væru til uppbyggingar.

Svæðið er nú þegar undir vá sem flóðasvæði (eins og nookur hluti af neðri hluta Skeiða), er skilgreint sem varúðarsvæði, vegna mögulegrar Hestvatnsvirkjunar en hún er í biðflokki. Auk þess mun Umhverfisstofnun væntanlega benda á að svæðið sé á hrauni, yngri en 10.000 ára sem nýtur vernda skv. 62 gr. laga um náttúruvernd (nr. 60/2013). Þá liggur ekki fyrir hvernig lagnir og vegir liggi að þessu svæði.

Nauðsynlegt er, ef heimila á heilsárs búsetu á svæðinu, að þangað liggi góður vegur.

- 1 Núverandi leið eru um Ólafsvallatorfuna, liggur um hlað í Vesturkoti eða Björnskoti.

2 Ný leið, um núverandi Árhraunsveg og upp með lóðamörkum allra lóða.



Leið 1 er nú þegar til staðar og er sú leið sem landeigendum hefur verið bent á. Sú leið er vel brúkhæf fyrir frístundabyggð ef fyrir liggur heimild landeigenda til að nýta þá leið. Talsvert þarf að leggja í þá leið, nota skal hana allt árið og til að sinna þjónustu fyrir íbúa, s.s. skólaakstri, sorphreinsun, póst ofl. Þá þarf að breyta legur vegar, m.a. þar sem ekki er hægt að hafa veg í geng um heimahlöð bæja s.s. Vesturkots eða Björnskot.

Leið 2 myndi kosta talsvert mikla vegagerð, hátt í 2 km af nýjum vegi og um endurgera þarf eldri leið a.m.k. á um 600m löngum kafla. Slík vinna yrði alltaf unnin í samráði við Vegagerð, enda kann að vera kostuð að hluta af Vr. en ljóst er að landeigendur allra lóða á svæðinu myndu þurfa að greiða fyrir veg að öðru leyti.

Ekki er hægt að fara í framkvæmdir nema að þær muni henta öllum lóðum á svæðinu og með heimild landeigenda.

Næsta skref er að Rúnar/Sigurður finna út eigendur lóða og senda bréf á lóðarhafa allra Árhraunslóða með ábendingum um að þar sem til standi að heimila uppbyggingu til íbúðar á svæðinu þá verði að gera góðar veltengingar inn á svæðið og að þær framkvæmdar verði unnar á kostnað lóðareigenda en eftir atvikum endurgreidd að hluta til af Vegagerðinni, verði um fasta búsetu að ræða.